

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 25. september 2015
UST201509-100/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000 – 2012 á svæði Fontana Spa við Laugarvatn.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000 – 2012 á svæði Fontana Spa.

Í gildandi aðalskipulagi Laugardalshrepps er gert ráð fyrir göngustíg meðfram Laugarvatni á svæði þéttbýlisins. Áætluð aðalskipulagsbreyting gerir ráð fyrir því að á svæði Fontana Spa færist göngustígur á Hverabraut á rúmlega 200 m kafla. Þetta þýðir að gert er ráð fyrir að á svæði Fontana Spa verði eftir breytingu ekki hægt að ganga meðfram Laugarvatni.

Markmið

Í upphafi lýsingar kemur eftirfarandi fram: „*Markmið sveitarstjórnar með breytingunni er að auka svigrúm Fontana Spa varðandi aðgengi að ströndinni og Laugarvatni samhliða því að erfitt er á koma göngustíg fyrir á þessum kafla.*“ Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar er göngustígur meðfram hárrí girðingu Fontana Spa, þannig að markmið breytingarinnar er eingöngu að auka svigrúm Fontana Spa meðfram strönd Laugavatns.

Skipulagsreglugerð

Í gr. 5.3.2.14. í skipulagsreglugerð er fjallað um skipulag við vötn, þar segir: „*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almennigur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.*“


Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir á svæði Laugarvatn Fontana Spa eru tiltölulega nýjar og því hefði átt að huga betur að rými fyrir aðgengi almennings meðfram vatninu þegar uppbygging fór fram.

Umhverfisáhrif


Að mati Umhverfisstofnunar þarf í kaflanum um samfélag og byggð að skoða áhrif áætlaðrar breytingar á samfélag, þ.e.a.s. er göngustígur meðfram vatninu mikið nýttur í dag af íbúum svæðisins, og upplifa íbúar áætlun um lokun hluta strandar Laugarvatns sem skerðingu á gæðum.

Lýsing

Umhverfisstofnun bendir á að gögn er fylgja erindinu eru ekki fullnægjandi þar sem norðurpílu er ekki sjánleg á uppdrætti. Uppdráttur er fenginn úr gildandi aðalskipulagi, en þar er skýr norðurpíla í gögnum. Þar sem lýsing er ekki síst ætluð til að upplýsa almenning um væntanlegar breytingar er mikilvægt að gögn séu skýr.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur